

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Umsögn um tillögu Sjálfstæðisflokksins um bakvarðasveit leikskóla

Á fundi borgarráðs þann 18. ágúst 2022 var svohljóðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bakvarðasveit leikskóla vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem skulu vinna að sameiginlegri umsögn í samvinnu við stýrihóp um uppbyggingu leikskóla í Reykjavík:

Lagt er til að komið verði á fót bakvarðasveit til að tryggja nægjanlega mönnun leikskólanna. Um yrði að ræða bakvarðasveit leikskólakennara, leikskólakennaranema, tómstundafræðinga og annarra uppeldismenntaðra einstaklinga auk almennra starfsmanna sem leikskólar geti leitað til tímabundið meðan verið er að tryggja mönnun leikskólanna til frambúðar. Fyrirmynd slíkrar bakvarðasveitar er sótt til heilbrigðisstofnana í landinu sem nýttu sér þetta úrræði í Kórónuveirufaraldrinum. Hvetja má alla leikskólamenntaða kennara sem sinnt hafa öðrum störfum og sömuleiðis þá leikskólakennara sem eru komnir á eftirlaun til að skrá sig í bakvarðasveitina til tímabundinna starfa við leikskóla borgarinnar. Mikil þekking og reynsla felst í þessum mannauði sem getur nýst vel á meðan verið er að tryggja mönnun leikskólanna til frambúðar

Umsögn:

Reykjavíkurborg var með starfandi bakvarðasveit í Covid faraldrinum og býr nú að þeirri mikilvægu reynslu sem nýta mætti í þessu verkefni.

Þá er mikilvægt að nefna að í raun má segja að Afleysingastofa Reykjavíkurborgar hafi sinnt þessu hlutverki frá árinu 2018 en þá var hún sett á laggimar. Horft hefur verið til ungs fólk og þá sérstaklega háskólanemenda. Þar sem afleysingastofan er nú þegar starfrækt og nú þegar til staðar ferlar og verklag til að ráða starfsfólk í hin ýmsu tímabundnu störf þá hentar vel að útfæra þessa tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins innan Afleysingastofunnar. Útfæra þarf kynningarefni Afleysingastofunnar á þann máta að kynningar ná til breiðari hóps en áður hefur verið horft til.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirfarið umsögnina og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst,
Helgi Grímsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar